

23. fundur vinnuhóps um framkvæmdir við Flóaskóla haldinn í Þingborg 12. ágúst í Þingborg

Mættir:

Aðalsteinn Sveinsson
Margrét Sigurðardóttir
Kristín Sigurðardóttir
Elín Höskuldsdóttir
Steindór Guðmundsson

Einnig mættir Gestur Már Þráinsson fyrir hönd Smíðanda, Bjarni Sigurðsson og Helgi Friðrik Halldórsson frá Formax.

Gestur fór yfir stöðuna mála. Kerfisolftið að mestu komið upp. Það sem er eftir að gera inni er að setja upp felliveggi sem klárast í þessari viku, flísalögn í andyri sem farið verður í á mánudag. Eftir er að setja loftlúgu á 3. hæð og setja upp innihurðir. Þær eru komnar á staðinn og verða settar upp á mánudag.

Pípulagnir eru að klárast og heitu vatni hleypt á í dag. Hreinlætistæki verða sett upp í næstu viku af pípulagningarmönnum.

Neðri hæð er fullmáluð og síðasta umferð verður sett á í dag á neðri hæð nema í kringum stigann.

Dúkarinn leggur á klósettin, hann byrjar í dag að rakagrunna og sparsla. Hann leggur og sparslar í dag og leggur dúk eftir helgi.

Rafvirkjarnir eru við lagnavinnu og ná vonandi að ljúka því

Eftir er að setja upp sápuskammtara, spegla, snaga ofl sem setja þarf á salernin.

Athuga þarf með slökkvitæki og uppsetningu á þeim.

Bjarni lagði fram teikningar af handriði sem nefndin samþykkti. Festingar fyrir handrið fer upp á næstu dögum.


Athuga þarf með handrið.

Óskað eftir að Smíðandi grunni gólf og setji filtteppin á. Gestur mun skila inn upplýsingum um kostnað þegar magn liggur fyrir.

Klæðning utan á byggingu hefur enn ekki borist til landsins þrátt fyrir ítrekaðar óskir þar um frá verktaka. Klæðningin kemur 30. ágúst samkvæmt síðustu upplýsingum. Áhersla verður lögð á að klára þakkant og ljúka svæði utanhúss.

Gerð var könnun á verði á eikarparketi sem liggur fyrir fundi. Ákveðið að fresta umræðu um það.

Næsti fundur ákveðinn mánudag kl. 9.00, 16. ágúst í Flóaskóla.



Handwritten signatures of the meeting participants, including Steindór Guðmundsson, Margrét Sigurðardóttir, Kristín Sigurðardóttir, Elín Höskuldsdóttir, and Gestur Már Þráinsson.